

23.06.2022

VERÐHÆKKANIR, SKORTUR OG TAFIR HEFTA VÖXT Í BYGGINGARIÐNAÐI OG MANNVIRKJAGERÐ

Niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda stórra íslenskra fyrirtækja í mannvirkjagerð og byggingariðnaði sýna að ýmsar takmarkanir í uppbyggingu á borð við verðhækkanir hrávöru, tafir í aðfangakeðjunni, lóðaskortur og skortur á vinnuafli gætu heft vöxt fyrirtækjanna lítið til næstu tólf mánaða. 66% stjórnenda segja að framboð vinnuafls verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt þeirra fyrirtækja á næstu 12 mánuðum. Einnig segja 72% að skortur á lóðum til nýbygginga hefti uppbyggingu íbúða. Ríflega 73% segja að tafir á afhendingu eða skortur á innfluttum aðföngum hafi haft neikvæð áhrif á framgang verkefna hjá fyrirtækjunum. Greinin hefur verið að taka við sér eftir tveggja ára niðursveiflu en niðurstöður könnunarinnar benda til þess að tímabil stöðunar gæti verið fram undan ef ekki verða breytingar í þeim þáttum sem gætu takmarkað vöxt greinarinnar á næstunni.

Könnunin var gerð 12. til 30. maí 2022 meðal 216 aðila í byggingariðnaði og mannvirkjagerð sem eru með veltu yfir 100 m.kr. og var svarhlutfallið 30%. Hjá fyrirtækjum sem svara könnuninni starfa nú tæplega 3 þúsund manns eða um 20% allra þeirra sem eru starfandi í greininni og er velta þessara fyrirtækja áætluð ríflega 103 ma.kr. í ár.

SAMANTEKT

- Stjórnendur fyrirtækjanna eru spurðir að því hvort þeir telji að framboð vinnuafls verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt þeirra fyrirtækja á næstu 12 mánuðum. Svára tæplega 66% því játandi og nær 33% neitandi. Vaxandi skortur á vinnuafli virðist því vera í uppsiglingu í greininni sem er umhugsunarverð staða í ljósi þess mikla fjölda sem er vísað frá iðnnámi en á síðasta ári voru þau 700 og útlit er fyrir að þau verði fleiri í ár.
- Stjórnendur fyrirtækjanna eru spurðir að því hvort þeir telji að skortur á lóðum sem tilbúnar eru til nýbygginga takmarki uppbyggingu íbúða. Svára tæplega 72% því játandi en ríflega 17% neitandi. 11% segja veit ekki eða á ekki við. Svörin bera það með sér að lóðaskortur sé takmarkandi þáttur fyrir íbúðauppbyggingu um þessar mundir og þá í leiðinni að það sé vandinn við takmarkað framboð íbúða og það ófremdarástand sem nú ríkir á íbúðamarkaði.
- Hækkun á verði innfluttra aðfanga hefur haft áhrif á framgang verkefna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Ríflega 14% stjórnenda fyrirtækja segja að hækkun á verði innfluttra aðfanga frá innlendum birgjum hafi orðið til þess að þeirra fyrirtæki hafi hætt við verkefni á síðustu 2 árum. Þegar einungis er lítið til svára stjórnenda þeirra fyrirtækja sem eru með yfir milljarð í veltu þá er hlutfallið hærra eða tæplega 24%. Stærri fyrirtækin eru í stærri útboðsverkefnum og sýna niðurstöðurnar að þar hafi þessar verðhækkanir meiri áhrif.
- Spurt er hvort tafir á afhendingu eða skortur á innfluttum aðföngum hafi haft neikvæð áhrif á framgang verkefna hjá fyrirtækjunum. Ríflega 73% svára því játandi en 25% neitandi. Af svörunum að dæma eru áhrif skorts og tafa mikil á framgang verkefna stærri fyrirtækja í byggingariðnaði og mannvirkjagerð á síðustu 2 árum. Þessir þættir hafa því heft vöxt greinarinnar á erfiðum tíma í efnahagslífinu þar sem full þörf var á meiri uppbyggingu húsnæðis og opinberra innviða en raunin var.
- Ljóst er af svörum við könnuninni að verðhækkanir á erlendum aðföngum frá innlendum birgjum hefur verið mismunandi en í langflestum tilfellum mjög miklar á síðustu tveimur árum. Tæplega 44% svarenda segja að verð á innfluttum aðföngum frá innlendum birgjum til þeirra fyrirtækja hafi hækkað


um 15-29,9% á síðustu 2 árum, tæplega 22% segja að hækkunin hafi verið á bilinu 30-44,9%, ríflega 9% að hækkunin hafi verið á bilinu 45-59,9% og tæplega 8% að hún hafi verið 60% eða meiri.

- Flutningskostnaður hefur hækkað umtalsvert á síðustu 2 árum. Þegar stjórnendur eru spurðir hversu mikið þeir telja að verð á flutningum erlendis frá hafi hækkað mikið til þeirra fyrirtækja á síðustu 2 árum segja flestir eða nær 30% 15-29,9%. Ríflega 17% segja 30-44,9% og ríflega 9% segja 60% eða meira.

SKORTUR Á VINNUAFLI TAKMARKAR UPPBYGGINGU

Í byggingariðnaði og mannvirkjagerð starfa nú um 15 þúsund manns og hefur fjölgað um 1.300 frá því að greinin tók við sér að nýju á öðrum ársfjórðungi síðastliðins árs. Starfsmannafjöldi fyrirtækja þeirra sem svara könnuninni er tæplega 3.000 eða 20% af heildarfjölda starfandi í greininni.

Telur þú að framboð vinnuafls verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Þegar spurt er hver starfsmannafjöldi fyrirtækjanna verður eftir 12 mánuði sýna niðurstöðurnar að hann verður nánast óbreyttur að þeim tíma liðnum. Það er umhugsunarefni nú þegar uppsveifla er í hagkerfinu og má dæma af svörum að takmarkandi þættir í starfsemi fyrirtækjanna kunni að vera að draga úr vexti þeirra lítið til næstu mánaða.

Stjórnendur fyrirtækjanna eru spurðir að því hvort þeir telji að framboð vinnuafls verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt þeirra fyrirtækja á næstu 12 mánuðum. Tæplega 66% svara því játandi og nær 33% neitandi. Vaxandi skortur á vinnuafli virðist því vera í uppsiglingu í greininni sem er umhugsunarverð staða í ljósi þess mikla fjölda sem er vísað frá iðnnámi en á síðasta ári voru þau 700 og útlit er fyrir að enn fleirum verði vísað frá í ár.

SKORTUR Á LÓÐUM TAKMARKAR UPPBYGGINGU ÍBÚÐA

Stjórnendur fyrirtækjanna eru spurðir að því hvort þeir telji að skortur á lóðum sem tilbúna eru til nýbygginga takmarki uppbyggingu íbúða. Tæplega 72% svara því játandi en ríflega 17% neitandi. Um 11% segja veit ekki eða á ekki við. Svörin bera það með sér að lóðaskortur sé takmarkandi þáttur fyrir íbúðauppbyggingu um þessar mundir og þá í leiðinni að það sé vandinn við takmarkað framboð íbúða og það ófremdarástand sem nú ríkir á íbúðamarkaði.

Telur þú að skortur á lóðum sem tilbúnar eru til nýbygginga takmarki uppbyggingu íbúða?




HÆKKUN Á VERÐI INNFLUTTRA AÐFANGA HEFUR NEIKVÆÐ ÁHRIF


Hækkun á verði innfluttra aðfanga hefur haft áhrif á framgang verkefna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og dregið úr arðsemi þeirra. Í einhverjum tilfellum hafa fyrirtækin þurft að hætta við verkefni vegna þessa.

Ríflega 81% stjórnenda segja að hækkun á verði innfluttra aðfanga frá innlendum birgjum hafi dregið úr arðsemi verkefna hjá þeirra fyrirtæki á síðustu 2 árum. Þetta merkir að þessi fyrirtæki hafa tekið á sig a.m.k. hluta verðhækkunarinnar. Það er m.a. vegna þess að mörg þessara fyrirtækja eru í verkum þar sem samningar eru verðtryggðir með byggingarvísitölu. Bendir þetta til þess að verðtrygging sú sem byggingarvísitölunni er ætlað að veita hafi ekki gert það fyllilega.

Hefur hækkun á verði innfluttra aðfanga frá innlendum birgjum dregið úr arðsemi verkefna hjá þínu fyrirtæki á síðustu 2 árum?




Niðurstöðurnar benda til þess að hækkun á verði innfluttra aðfanga frá innlendum birgjum hafi orðið til þess að fyrirtæki hafi hætt við verkefni á síðustu 2 árum. Ríflega 14% stjórnenda fyrirtækja segja að hækkun á verði innfluttra aðfanga frá innlendum birgjum hafi orðið til þess að þeirra fyrirtæki hafi hætt við verkefni á síðustu 2 árum. Þegar einungis er litið til svara stjórnenda þeirra fyrirtækja sem eru með yfir milljarð í veltu þá er hlutfallið hærra eða tæplega 24%. Stærri fyrirtækin eru í stærri útboðsverkefnum og sýna niðurstöðurnar að þar hafi þessar verðhækkanir haft meiri áhrif. Niðurstöðurnar gefa til kynna að áhrif verðhækkana innfluttra aðfanga á veltuþróun og fjölgun starfsfólks í greininni hafi verið umtalsverð á síðustu 2 árum.



MIKIL VERÐHÆKKUN INNFLUTTRA AÐFANGA OG FLUTNINGA


Verð á innfluttum aðföngum hefur hækkað mikið undanfarið vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði hrávara og hækkunar flutningskostnaðar. Hækkunin á heimsmarkaðsverði og flutningskostnaði er tilkomin vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Afleiðingarnar hafa m.a. birst í aukinni verðbólgu víða um heim og hækkun stýrivaxta margra banka, þ.m.t. hér á landi. Verðhækkunin snertir öll fyrirtæki í iðnaði en með misjöfnum hætti eftir eðli starfseminnar og því hvaða aðföng eru notuð.

Hvað telur þú að verð á innfluttum aðföngum frá innlendum birgjum til þíns fyrirtækis hafi hækkað mikið á síðustu 2 árum?



Tæplega 44% stjórnenda segja að verð á innfluttum aðföngum frá innlendum birgjum til þeirra fyrirtækja hafi hækkað um 15-29,9% á síðustu 2 árum. Tæplega 22% segja að hækkingin hafi verið á bilinu 30-44,9%, ríflega 9% að hækkingin hafi verið á bilinu 45-59,9% og tæplega 8% að hún hafi verið 60% eða meiri. Ljóst er af þessum svörum að verðhækkunir á erlendum aðföngum frá innlendum birgjum hafa verið mismunandi en í langflestum tilfellum mjög miklar á undanförunum tveimur árum.

Hvað telur þú að verð á innfluttu stáli frá innlendum birgjum til þins fyrirtækis hafi hækkað mikið á síðustu 2 árum?




Ljóst er af svörum að verðhækkunirnar eru mjög mismunandi eftir aðföngum. Spurt er út í hvernig verðþróun á stáli, timbri, olíu, biki og sementi frá innlendum birgjum á síðustu 2 árum hafi verið til þeirra fyrirtækja. Af svörum að dæma hefur verð á stáli hækkað mest eða í flestum tilfellum um 60% eða meira. Einnig virðist verðhækkun stáls hafa snert stóran hluta fyrirtækja í greininni en 45% svara á ekki við eða veit ekki. Verðhækkunin á olíu snertir einnig mörg fyrirtæki í greininni en þar hefur verðhækkunin ekki verið eins mikil og í stálinu skv. svörum. Flestir svara því að hún hefði verið 30-44,9% á tímabilinu.

Einnig hafa verðhækkunir á timbri haft nokkur áhrif á fyrirtækin. Hækkunin var talsverð en flestir þeirra sem svara eru á því að hún hafi verið á bilinu 30-44,9%. Nokkuð færri hafa orðið fyrir áhrifum af hækkingunni á sementi og hefur verðhækkun þess verið minni, en flestir svara því að hún hafi verið á bilinu 15-29,9%. Afmarkaðri hluti svarenda notar biki í sinni starfsemi og því hefur verðþróun þess þannig snert færri en verðhækkun hinna aðfanganna sem spurt er um í könnuninni. Samkvæmt þeim sem svara var verðhækkunin á biki í flestum tilfellum á bilinu 15-29,9%.

Flutningskostnaður hefur hækkað umtalsvert á síðustu 2 árum. Aðspurðir að því hvað þeir telja að verð á flutningum erlendis frá hafi hækkað mikið til þeirra fyrirtækja á síðustu 2 árum segja flestir stjórnendur eða nær 30% 15-29,9%. Um 17% sögðu 30-44,9% og ríflega 9% sögðu 60% eða meira. Svörin eru nokkuð lituð af því að hluti fyrirtækjanna eru ekki sjálf að kaupa flutning á aðföngum sínum heldur kaupa þau allt sitt af innlendum birgjum. Það ætti að útskýra að 31% svara á ekki við eða veit ekki.

Hvað telur þú að verð á flutningum erlendis frá hafi hækkað mikið til þíns fyrirtækis á síðustu 2 árum?



TAFIR OG SKORTUR HAFA NEIKVÆÐ ÁHRIF

Það er ekki einungis mikil verðhækkun innfluttra aðfanga sem fylgt hafa heimsfaraldri kórónuveiru og innrás Rússa í Úkraínu heldur hafa einnig fylgt skortur og miklar tafir á afhendingu þessara aðfanga. Þegar spurt er hvort tafir á afhendingu eða skortur á innfluttum aðföngum hafi haft neikvæð áhrif á framgang verkefna svara ríflega 73% því játandi en 25% neitandi.

Af svörum að dæma hafa áhrif skorts og tafa verið mikil á framgang verkefna stærri fyrirtækja í byggingariðnaði og mannvirkjagerð á síðustu 2 árum. Þessir þættir hafa því heft vöxt greinarinnar á erfiðum tíma í efnahagslífinu þar sem full þörf var á meiri uppbyggingu húsnæðis og opinberra innviða en raunin var.

Hafa tafir á afhendingu eða skortur á innfluttum aðföngum haft neikvæð áhrif á framgang verkefna hjá þínu fyrirtæki?

